226. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á Biskupsstofu við Borgartún 26 í Reykjavík

Fimmtudaginn 20. ágúst 2026.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Ingvar Stefánsson fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjuþings og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 10:00.*
2. *Fundargerð 225. fundar lögð fram til samþykktar*. Fundarlið var frestað til næsta fundar.
3. *Mál vegna áletrunar á minningarmark hjá KGRP.* Ingvar gerði grein fyrir málinu og sýndi myndir. Kirkjugarðaráð leggur til að Ingvar kynni málið fyrir stjórn Kirkjugarða Reykjavíkur, sem meti hvort umbúnaður leiðisins og merkingar varði 26. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og jafnframt hvort leyfi stjórnar hafi þurft við sbr. 28. gr. sömu laga. Til framtíðar litið vaknar sú spurning hvort skilgreina þurfi nánar frágang leiða í reglum hvers kirkjugarðs.
4. *Nýjar byggingar hjá KGRP vegna bálstofu*. Ingvar kynnti áform KGRP um tvær nýbyggingar. Í Gufunesgarði á að breyta deiliskipulagi og stækka byggingarreit vegna vélaskemmu sem þarf að reisa í stað þeirrar sem fer undir bálstofu. Kirkjugarðaráð gerir ekki athugasemd við þær fyrirætlanir að svo komnu máli. Í Fossvogsgarði stendur til að byggja skemmu yfir vélar og búnað sem nú liggur í opnu porti, með það fyrir augum að bæta aðstöðu starfsmanna, auka öryggi og vernda eignir Kirkjugarða Reykjavíkur. Fyrirhuguð framkvæmd fellur að samkomulagi við ríkið um uppbyggingu nýrrar bálstofu og styður við lögbundið hlutverk kirkjugarðsins að tryggja að garðurinn sé snyrtilegur og vel hirtur. Ekki liggur fyrir deiliskipulag fyrir Fossvogsgarð, en KGRP vonast til að unnt verði að reisa skemmuna eftir grenndarkynningu. Kirkjugarðaráð gerir ekki athugasemd við áformin, enda munu þau koma til umsagnar Minjastofnunar Íslands áður en leyfi til framkvæmda er veitt eða eftir atvikum áður en deiliskipulag er afgreitt.
5. *Önnur mál.* 1) Ingvar ræddi ósk um legstæði í Hólavallagarði fyrir duftker. Kirkjugarðaráð leiðbeindi, með vísan í 29. gr. kirkjugarðalaga, að kirkjugarðsstjórn geti í þessu tilviki veitt heimild til greftrunar duftkers í reit ættingja þar sem grafarhelgi er liðin. Hins vegar, ef jarðsetja á í gröf sem enn nýtur grafarhelgi, þarf viðkomandi að leita leyfis nánustu ættingja. 2) Ágústa kynnti að búið sé að fá tilboð í nýtt bókunarkerfi fyrir gardur.is. Nýja kerfið verður smíðað sérstaklega fyrir gardur.is og verður notandavænna en það sem notað er í dag. Allar skráningar koma beint inn í

kerfið og komið verður í veg fyrir þann birtingarvanda sem við er að eiga í dag. Kostnaður við smíði nýs kerfis er sambærilegur viðhaldskostnaði gamla kerfisins. Kirkjugarðaráð styður að málið sé unnið áfram.

6. *Næsti fundur.* Fundað verður á Akureyri þriðjudaginn 8. september 2026 og Grímsey heimsótt að fundi loknum.

Fundi var slitið kl. 12:05.